

1000–1900.

Prédikan út af fagnaðarutburði kristnitökunnar, sem séra Jón Bjarnason flutti í Selkirk að kvöldi sunnudagsins 21. Júní.

Enn sagði hann þeim þessa dæmisögu: Líkt er guðs ríki súrdeigi þvít, er kona ein tók og faldi í þrem mælum mjöls, unz það allt sýrðist.—Matt. 13, 33 (Lúk. 13, 20–21).

Það er fyrir oss alla, kristna Íslendinga, stór hátíðardagr í dag. Árið þetta, sem nú er yfir oss að líða, er eins og þér vitið allir, kærir tilheyrendr, júbílár—drottinlegt fagnaðarár—í kirkjusögu þjóðar vorrar. Árið 1900 bendir til baka til ársins 1000, þá er kristindómurinn fyrir náð drottins varð íslensk þjóðareign. Vér rennum huganum aftr í tímann, fljúgum í anda yfir úthaf heilla nfu alda, nfu hundruð ára, til þess að nema staðar við lang-merkasta og fagnaðarríkasta atburðinn í þjóðlífi voru—kristnitöku Íslendinga á alþingi þetta síðar nefnda ár. Og það vill þá líka svo vel til, að nú einmitt í dag eru nákvæmlega nfu hundruð ár liðin síðan kristnitakan hjá forfedrum vorum varð að alþjóðarsamþykkt. Því á Jónsmessu, 24. dag Júnímánaðar, árið 1000 eftir Krists fæðing var það, að sú allsherjar þjóðarsamþykkt náði fram að ganga á þingvelli við Öxará. „Þetta er sá dagr, sem drottinn gjörði“—segir hið guðinnblásna sálmaskáld á gamla testamentis tíðinni—; „fögnum og verum glaðir í honum“ (Sálm. 118, 24). Árið er fyrir oss fagnaðarár, og þessi dag stendr úthleyptr í endrminningunni eins og aðal-dagrinn,—sannkall—að afmælisdagr íslenzku kristninnar.

Það þarf ekki fyrir neinum kristnum Íslendingum að færa fram nein rök því til stuðnings, að hér sé fyrir oss að minnast framúrskaranda fagnaðarefnis. Þeir allir, sem með trúuðum hjörtum halda því föstu, að sála sín hin lang-mesta sé í því